

## Ágætu lesendur

Árið sem nú er að líða hefur að mörgu leyti verið mótsagnakennt og erfitt. Hæst ber þar bankahrunið nú á haustdögum og allur sá darraðardans og erfiðleikar sem því fylgja. Mörgum mun þetta ár sjálfsagt seint líða úr minni.

Á nýju ári kemur sjálfsagt fljótt í ljós hvernig „nýju“ bankarnir ætla að vinna sig út úr því ástandi sem við erum í. Vonandi tekst það farsælega þó hefur maður á tilfinningunni að djúpt verði á aðgerðum, þegar horft er á aðgerðarleysi stjórnvalda á fyrstu vikum og mánuðum „kreppunnar“.

Rekstur Mjólkursamsölunnar ehf. hefur eðlilega verið mjög til umfjöllunar á

árinu sem nú er að líða, bæði hvað varðar afkomuna 2007 og eins afkomuna nú á þessu ári.

Miðað við 10 mánaða uppgjör MS sést að reksturinn þróast í rétta átt og ætti því að vera í jafnvægi 2009. Rétt er þó að það komi fram að það eru mörg álitamál hvað varðar reksturinn og áætlanir þar um á árinu 2009.

Stærsta spurningin í því samhengi er sjálfsagt sú; Hver verður salan? Minnkar neyslan? Þessu er erfitt að svara. Samanburðurinn í þessu verður árið 2008 sem verður sjálfsagt eitt hvert besta söluárið okkar.

Umræða sú sem fram fer í samfélag-



inu nú um stundir hvað varðar aðild að ESB hlýtur að varða okkur miklu. Strax á nýju ári munu verða teknar ákvarðanir um framvindu málsins. Mín skoðun er sú að annað hvort verði sótt um aðild að ESB eða þá að það verður kosið til Alþingis á vordögum. Niðurstaðan úr könnun SA (Samtaka atvinnulífsins) er merkilegt innlegg í þetta mál allt, það að 40% félagsaðila eru andvígir aðild og 17% óákveðnir, gerir það að verkum að samtökin verða óvirk í umræðunni. Greinilegt er að forysta Samtakanna átti von á allt annarri niðurstöðu.

Ágætu lesendur ég læt þetta nægja um ESB að þessu sinni, þó svo að hægt væri að velja þessu fyrir sér á marga vegu. Mín skoðun er sú að það eigi ekki undir neinum kringumstæðum að ljá máls á aðild að mestu forræðis-hyggjusamtökum seinni tíma. (ESB).

Hátíðin nálgast og daginn fer að lengja vonandi eykur það okkur bjartsýni á framtíðina.

Ég vil þakka ykkur öllum traust og gott samstarf á árinu sem er að líða.

Með óskum um gleðileg jól og farsæld á nýju ári.

Kveðja,  
Magnús



## Um áramót

Ætli flestir til bæja og sveita hafi ekki hugsað sem svo þegar aldamótin gengu í garð að það yrðu minnisstæðustu áramót ævinnar, það er jú ekki allir sem fá að upplifa og muna aldamót og fæst okkar sem það gera reyna þá upplifun tvisvar, e.t.v. 3 - 4 Íslendingar.



Það er hins vegar nær öruggt mál að þessi áramót verða minnisstæðari en nokkur aldamót því ef einhver- ímann er ástæða til að gleðjast er það núna þegar eitt mesta hrakafallaár Íslandssögunnar er að baki, jú gleðjast því leiðin getur ekki legið í aðra átt en uppá við á nýju ári.

Með samhenntu átaki og samhjálpi munu bændur þessa lands sjá til sólar á ný því ekkert er dýrmætara en að viðhalda fæðuöryggi þjóðarinnar og það held ég að ráðamenn þjóðarinnar viti og því munu aðgerðir í peningamálum gagnvart bændum verða miðaðar við að enginn þurfi að lúta afarkostum a.m.k. ekki lakari kostum en fyrir bankahrunið jafnvel þótt skuldastaðan sé verri í byrjun nýrra tíma.

Þessu ætla ég að trúa því engin skynsemi er í öðru.

Á léttari strengi, vegna vinnu minnar er ég mikið á ferðinni og þá oft um kvöld og það verð ég að segja að ekkert fyllir mig jafn miklu jólaskapi og það að aka um sveitirnar á kvöldin í desember og þá sér í lagi þegar líður að jólum.

Bændur eru margir skreytingaglaðir, takk fyrir það, og það er einstök upplifun að horfa á jólaljósin heim á bæjum þegar ekið er fram hjá í myrkrinu.

Að sjá skreytta bæina eins og tilbúin jólakort og ef tunglið er fullt og bjart yfir snæviþökku landinu eða stýrnir á ísaða jörð, það er ekki hægt annað en fyllast jólagleði.

Þetta er mikilu jólalegra og fallegra en að aka um í skreyttu þéttbýlinu.

Kúabændur hafa flestir þá skemmtilegu reglu að gefa kúnum sérlega valið hey og mikið á jólum og áramótum og þannig njóta blessaðar kýrnar hátíðanna með okkur mönnum, þetta er bæði góður siður og gefandi.

Ég vona að bændur hafi þá sjálfsögðu reglu að hygla kálfunum líka í gjöf og hafa hálminn undir þeim sérlega mikinn og þurrann um jól og áramót.

Svo má ekki gleyma góðum sið sem bóndi í Þingeyjarsýslu sagði mér frá, hann kallar ævinlega til kúnna þegar hann yfirgefur fjósið eftir mjaltir og gjöf á jólum og á gamlárskvöld, „gleðileg jól“ eða „gleðilegt nýtt mjólkurár“ því hann trúir því nefnilega eins og ég að kýrnar skilji mannamál um hátíðarnar.

Held raunar að þær skilji okkur ævinlega.

Með ósk um gott og farsælt nýtt mjólkurár,  
*Kristján Gunnarsson*

## Vefsíða Auðhumlu

Kvartað hefur verið undan því hvað bændavefurinn hefur verið þungur og einnig hefur borið á því að tölulegar upplýsingar hafa ekki verið réttar.

Fyrir þessu er nokkrar ástæður, sumar tengjast nýja afurðakerfinu en aðrar hafa með hýsingu vefsins að gera.

Rætt hefur verið við þjónustuaðila vefsíðunnar um úrbætur og er nú unnið að því að léttu vefsíðuna og auðvelda birtingu upplýsinga. Eins hafa tölvumenn okkar unnið að úrbótum þannig að tölulegar upplýsingar birtist með réttum hætti.

Vonandi kemst þetta í betra horf sem fyrst en áfram verður unnið að málinu.

Með jólakveðjum, *Garðar Eiríksson*



## Bændakynning

### Nafn:

Þjarni Sigurður Aðalgeirsson 44 ára.

### Bú:

Mánárbakki á Tjörnesi. Nyrsta kúabú landsins, legg inn hjá M.S. Akureyri.

### Heimilishagir:

Kvæntur Jóhönnu Rannveigu Pétursdóttur frá Vopnafirði og eigum við tvö börn; Mána Snæ 19 ára og Sunnu Mjöll 15 ára.

### Búskapur:

Nánast eingöngu mjólkurframleiðsla, nokkrum nautum slátrað á ári, síðan eru örfáar hænur til gamans en fyrir hverja veit ég ekki og síðast en ekki síst seljum við norðurljós. Einar Ben sveitungi okkar reyndi þetta fyrir rúmri öld síðan og lengst af síðan hafa Tjörnesingar selt norðurljós.

### Hvenær hófstu búskap?

Tókum alfarið við búinu af foreldrum mínum 1. september 2004 en er búinn að vera með annan fótinn í þessu alla tíð, en vann alltaf fulla vinnu út í frá áður.

### Hvað hefur breyst mest frá því að þú byrjaðir búskap?

Breytingarnar eru ekki stórar hjá okkur. Erum með 50 þúsund lítrum meiri kvóta en þegar við tókum við, þannig að í dag er fjósið fullnýtt.

### Hver eru sóknarfærin í búskapnum í dag?

Fá enn betri nýtingu á heimaöfluðu fóðri með endurræktun íúna ég held að það sé mesta kjarabótin sem við getum gert sjálfir. Aukin kornrækt og nýta skítinn ennþá betur en við gerum í dag.

### Hvar kreppir skórin í búskapnum?

Háir vextir, verðtrygging, áburðar- og fóðurverð Samfylkingin í ríkisstjórn og það er hægt að telja lengi.

### Framtíðaráform þín:

Það eru litlir dagdraumar þessa dagana. En reyna að gera betur en verið hefur, hlúa að og nýta vel það sem maður á.



### Góð ráð til MS og Auðhumlu:

Halda áfram á sömu braut með mikið og gott vörúval. Vera í góðu sambandi við framleiðendur, og ef mögulega hægt er að halda starfsstöðvum sem nú eru í rekstri.



*Auðhumla svf. óskar félagsmönnum sínum  
gleðilegra jóla með ósk um farsæld  
á komandi ári*

## Samanburður á frumutölu árin 2008 og 2007 hjá innleggjendum MS



## Samanburður á líftölu árin 2008 og 2007 hjá innleggjendum MS



## Innvigtun mjólkur á landinu eftir vikum



## Útgefandi Auðhumla og MS

Ábyrgðarmaður:  
Magnús Ólafsson

Ritsjóri:  
Garðar Eiríksson, gardare@audhumla.is

Ekki er leyfilegt að vitna í Sveitapóst Auðhumlu og MS á opnum vettvangi.

Upplýsingar um rekstur félagsins og önnur skyld efni má nálgast hjá forstjóra, Magnúsi Ólafssyni, í síma 569 2200.

## Sala á mjólkurvörum í nóvember 2008

Nóv.	Sala þús. 2007	Sala þús. 2008	Mism. þús kr.	Mism. %	Sala ltr/kg 2007	Sala ltr/kg 2008	Mism. ltr/kg	%
Samt. kg.	671.338	536.635	-134.703	-20,06%	440.295.344	489.284.046	48.988.702	11,13%
Samt. ltr.	4.335.163	4.158.355	-176.808	-4,08%	591.944.660	691.112.508	99.167.848	16,75%
Samt.:	5.006.501	4.694.990	-311.511	-6,22%	1.032.240.004	1.180.396.554	148.156.550	14,35%

Jan.-nóv.	Sala þús. 2007	Sala þús. 2008	Mism. þús kr.	Mism. %	Sala ltr/kg 2007	Sala ltr/kg 2008	Mism. ltr/kg	%
Samt. kg.	6.891.093	7.085.924	194.831	2,83%	4.581.673.515	5.554.281.514	972.607.999	21,23%
Samt. ltr.	46.054.270	46.800.568	746.297	1,62%	6.319.196.979	7.251.181.946	931.984.967	14,75%
Samt.:	52.945.363	53.886.491	941.128	1,78%	10.900.870.494	12.805.463.460	1.904.592.966	17,47%

## Innvigtun og nýting greiðslumarks á verðlagsárinu 2008-2009

Landið nóvember:	2008-2009	2007-2008	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	28.529.871	27.952.011	577.860	2,07%
Greiðslumark	119.000.000	117.000.000	2.000.000	1,71%
Nýting greiðslumarks	23,97%	23,89%		
Landið janúar-nóv.:	2008	2007	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	115.462.957	114.747.202	715.755	0,62%

## Vikunnlegg síðustu 5 vikurnar:

Landið síðustu 5 vikur:	2008	2007	Mismunur	Hlutfall
46	2.196.436	2.179.849	16.587	0,76%
47	2.218.833	2.184.102	34.731	1,59%
48	2.244.443	2.199.024	45.419	2,07%
49	2.254.270	2.214.746	39.524	1,78%
50	2.271.192	2.244.164	27.028	1,20%
Samtals:	11.185.174	11.021.885	163.289	1,48%

## Yfirlit mælinga hjá MS

Tímabil V/MM/ÁÁ-V/MM/ÁÁ	Fita	Prót	Kas.	Ffs.	Úre.	Fmk.	Líftala MFM	Frumut.	Frumut. MFM	Fjöldi
1/09/08 - 4/09/08	4.13	3.44	2.68	0.8	6.4	-0.542	17	254	234	2,742

## Líftala í þúsundum hjá MS

% sýna í hverjum flokki miðað við líftölu						
Mánuður	0-40	0-75	0-100	401-600	601-3000	yfir 3000
Nóvember	86.62	94.82	99.42	0.22	0.26	0.114